



# Námsáætlun

*HAGF2ap05 vorönn 2021*

**Kennari: Þórður Ingi Guðmundsson**

**Markmið:**

**Þekking:**

Gert er ráð fyrir að nemandi kunni skil á:

- helstu einkennum markaðshagkerfis, blandaðs hagkerfis og miðstýrðs áætlanahagkerfis
- lögmálinu um minnkandi afrakstur í framleiðslu
- að skýra þann mun sem er á vergum og hreinum hagstærðum, þjóðarframleiðslu, landsframleiðslu, markaðsverði og þáttaverði
- að reikna þjóðhagsstærðir á föstu verðlagi og hlutfallslegar breytingar á milli ára í helstu umsvifum í hinu opinbera efnahagslífi
- greiðslujöfnuði
- vandamálum í efnahagslífinu: verðbólgu, atvinnuleysi og erlendum skuldum
- hagvexti

**Leikniviðmið:**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota framboðs- og eftirspurnarlínurit til að skoða þróun á markaði
- leggja mat á upplýsingar um efnahagsmál
- tengja undirstöðuþekkingu í þjóðhagfræði við þróun efnahagsmála
- nýta sér upplýsingatækni og netið við öflun upplýsinga og lausn verkefna
- geta reiknað hagvöxt og þekkja helstu ákvörðunarþætti

**Hæfniviðmið:**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka þátt í daglegri efnahagssumræðu út frá faglegu og gagnrýnu sjónarmiði

**Kennslugögn: Þjóðhagfræði eftir Þórunni Klemenzdóttur útg. 2008 eða síðar**



Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
01. 24.-26. feb.	Kafli 1, 2 og 3		
02. 1.-5. mars	Kafli 4, 5 og 6	Tímaverkefni	
03. 08-12. mars	Kafli 7	Próf úr köflum 1 – 6	Úrsagnareindagi 9. mars.
04. 15.-19 mars	Kafli 10		Námsmatsdagur 19. mars
05. 22.-26. mars	Kafli 11 og 12	Próf úr köflum 7 – 12	Miðannamat
29. mars-6. apríl			Páskafrí
06. 07.-09. apríl	Kafli 13		Miðannamat
07. 12.-16. apríl	Kafli 14	Tímaverkefni	
08. 19.-23. apríl	Kafli 15 og 16	Skil á hugmyndum um ritgerð	Sumardagurinn fyrsti 22. apríl
09. 26.-30. apríl	Kafli 17	Próf úr köflum 13 – 16	Námsmatsdagur 28. apríl
10. 03-07. maí	Kafli 19 og 21	Skil á ritgerð	
11. 10.-14. maí	Kafli 28	Próf úr köflum 17, 19, 21 og 28	Uppstigningardagur 13. maí
12. 17.-18. maí	Upprifjun	Tímaverkefni	

Próf eru 19. og 20 maí. Sjúkrapróf 21. maí.

### Námsmat:

#### Lokaeinkunn samanstendur af:

Annareinkunn gildir 50%

- Það verða fjögur tímapróf. Þrjú bestu prófin gilda 18%
- Öll prófin gilda til símats.
- ATH! Engin sjúkrapróf.
- Ritgerð. Nemendur koma með hugmynd að efni með því skilyrði að það tengist námsefni áfangans á einhvern hátt. Lengd 3 – 5 bls. ásamt forsiðu og heimildaskrá. Nemendur vinna tveir og tveir saman. Verkefnið gildir 15%
- Ástundun, heimavinna og mæting gildir 11%
- Tímaverkefni gilda samtals 6%
- Ekki verður tekið við verkefnum eftir settan skiladag.



Lokapróf í maí gildir 50%

Áætlunin er ekki bindandi og getur breyst í samræmi við framgang á önninni.

Frammistaða nemenda verður metin á miðri önn (miðannarmat). Nemendur sem hafa fengið 8,5 í annareinkunn (öll tímaprófin, öll verkefni og heimildaritgerð gilda), þurfa ekki að taka lokapróf að því gefnu að þeir hafi tekið öll tímaprófin og unnið öll verkefni áfangans. Raunmæting verður einnig að vera 90% eða hærri til að standast símat.

**Smiðja: Nemendur geta nýtt sér smiðjur til að klára verkefni og fá aðstoð utan kennslustunda.**

Þar sem er lokapróf þurfa nemendur að fá a.m.k. 4,5 í einkunn til að standast áfangann. Allir nemendur þurfa a.m.k. 5,0 í lokaeinkunn til að standast áfangann.